

ÆFING: SKIPULEGGIÐ FORELDRAFUND/SAMRÁÐSFUND UM MÁLÖRVUN Á HEIMILIN

MARKMIÐ:

Að fá hugmyndir að því hvernig þið getið haldið foreldrafund, þar sem þið segið frá vinnu ykkar með tungumálið og gefið foreldrunum hagnýt ráð um hvað þeir geta gert til að örva málþroska barns síns á heimilinu.

SVONA GERIÐ ÞIÐ:

Setjist saman í einn hóp.

Ræðið saman um það hvernig þið getið skipulagt foreldrafund/samráðsfund þar sem foreldrarnir fá:

- Þekkingu á vinnu okkar með tungumálið
- Hugmyndir að fjölskylduverkefnum sem þeir geta unnið með barninu sínu á heimilinu

Skrifið ákvarðanir ykkar á eyðublaðið og finnið hugmyndir að fjölskylduverkefnum í hugmyndaskránni í hlutanum „Málörvun á heimilinu“.

TILLÖGUR UM MÖPPU BARNINS

Fyrir fundinn getið þið búið til tvítyngisorðabók fyrir hvert barn með myndum úr leikskólanum. Á fundinum geta foreldrarnir valið nokkur fjölskylduverkefni sem þeir vilja taka með sér heim og sett í möppuna.